



Erling Ólafsson, skordýrafræðingur, er flestum vel kunnur fyrir rannsóknir sínar á smádýrafánu Surtseyjar, sem og landsins alls, enda hefur hann verið einstaklega duglegur við að miðla fróðleik um skjólstaðinga sína, bæði til almennings og innan vísindasamfélagsins.

Erling lauk BS prófi í líffræði frá Háskóla Íslands 1972. Fljótlega hélt hann til framhaldsnáms í skordýrafræði við Háskólann í Lundi. Þaðan lauk hann Fil.Dr.-prófi í flokkunarfræði skordýra árið 1991. Hann hóf störf sem skordýrafræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands árið 1978 og starfaði þar til ársins 2019 þegar hann lauk formlega störfum sökum aldurs. Þrátt fyrir þau tímamót hefur hann þó síður en svo sagt skilið við smádýraheiminn og vinnur hann enn að rannsóknum á þeim.

Þeir eru fáir sem eru eins kunnugir Surtsey og Erling og þekkja jafn vel þá þróun sem átt hefur sér stað í eyinni frá fyrstu tíð. Samleið Erlings með Surtsey hófst snemma, nánar tiltekið árið 1970 þegar hann var líffræðinemi við Háskóla Íslands og Steingrímur Hermannsson, fyrsti formaður Surtseyjarfélagsins, réð hann til sumardvalar 1970 og svo aftur 1971. Þar fékk hann það hlutverk að fylgjast með fuglalífi og safna smádýrum til að undirbúa komu Carls H. Lindroths, guðföður skordýrafræðinnar á Íslandi. Þessi tvö sumur dvaldi Erling í eyinni og staðfesti til að mynda varp fyrsta fuglsins í eyinni, teistu, með því að síga í kaðli fram af hraunbrúninni og leita í hraunglufum þar til hann fann tvo unga. Síðar sama sumar staðfesti hann varp fýls í eyinni. Í Surtsey mótaðist áhugasvið Erlings og fór hann utan til framhaldsnáms í skordýrafræði og kom aðeins stopult til Surtseyjar á þeim árum, þ.e. 1976, 1981 og 1984. Frá 2002 til 2020 fór Erling árlega í Surtsey til að vakta landnám smádýra og fugla í eyinni auk þess að liðsinna næstu kynslóð skordýrafræðinga og annarra sem tekið hafa við vöktun lífríkis í eyinni.

Erling hefur verið meðlimur í Surtseyjarfélaginu í 46 ár og spannar rannsóknasaga hans frá Surtsey um 50 ár. Eftir hann eru vísindagreinar um landnám landhryggleysingja í Surtsey auk fjölda annarra skrifa og fyrirlestra. Hann er einnig höfundur bókarinnar Surtsey í sjónmáli, ásamt Lovísu Ásbjörnsdóttur, sem kom út árið 2014. Þá hefur hann tekið fjölda ljósmynda sem sýna vel þær breytingar sem orðið hafa í umhverfi Surtseyjar í tímans rás. Framlag hans til rannsókna í Surtsey og miðlun þekkingar gera hann vel til þess kominn að hljóta nafnbót sem heiðursfélagi Surtseyjarfélagsins.

Ritaskrá um Surtsey:

- **Erling Ólafsson** 1978. The development of the land-arthropod fauna on Surtsey, Iceland, during 1971-1976 with notes on terrestrial Oligochaeta. *Surtsey Res. Progr. Rep.* 8: 41-46.
- **Erling Ólafsson** 1982. The status of the land-arthropod fauna on Surtsey, Iceland, in summer 1981. *Surtsey Res. Progr. Rep.* 9: 68-72.
- Borgþór Magnússon og **Erling Ólafsson** 2003. Fuglar og framvinda í Surtsey. *Fuglar, Ársrit Fuglaverndar* 2003, 22–29.
- **Erling Ólafsson** & María Ingimarsdóttir 2009. The land-invertebrate fauna on Surtsey during 2002–2006. *Surtsey Research* 12: 113–128.
- **Erling Ólafsson** og Lovísa Ásbjörnsdóttir 2014. Surtsey í sjónmáli. Reykjavík: Edda útgáfa.

- Borgþór Magnússon, Sigurður H. Magnússon, **Erling Ólafsson** & Bjarni D. Sigurdsson 2014. Plant colonization, succession and ecosystem development on Surtsey with reference to neighbouring islands. *Biogeosciences* 11: 5521–5537. doi:10.5194/bg-11-5521-2014.